

mentuðu og hugsandi manna, í öllum kristnum löndum, á bibli-
funni og trúarbrögðunum yfir höfuð, hefir orðið miklu frjálsari
og skynsamlegri vegna starfsemi kennara, fræðimanna og rit-
höfunda frá þýzku háskólunum á síðastliðinni öld.

Sem dæmi um framför frjálsra trúarskoðana á Pýzkalandi,
sérstaklega á meðal hins velmentaða hluta fólksins, mætti til-
nefna nokkrar sannanir líkar þeim, sem hér fylgja:

Blaðið Frankfurter Zeitung lýsti því yfir síðastliðið ár, að
fullur helmingur allra guðfrædiskennara í þýzku háskólunum
viðurkendu ekki hina postullegu trúarjátningu.

Á 70 ára afmæli próf. Holtermanns, hins nafnkenda guð-
fræðings og frjálstrúarmanns í Strassburg, sendu þrettán prest-
ar í Bremen honum hamingjuóskir, og létu í ljósi að þeir væru
samþykkir afstöðu hans í trúmálum.

Í Berlín er sagt að séu um 40 prestar ríkiskyrkjunnar, er
hafi svipaðar trúarskoðanir og Unitarar í Ameríku. Allir þjóna
þeir söfnuðum, sem eru þeim samþykkir.

Við atkvæðagreiðslu í Köln nýlega, kyrkjumálum viðvíkj-
andi kom í ljós, að 2342 atkvæði voru greidd með hinum frjáls-
lynda hluta á móti 977.

Ekkert sýnir máske betur framför frjálsra hugsana, heldur
en tala vantrúarmála, sem upp koma. Nýlega útkomin „Chronik
der Christlichen Welt“ í Tübingen getur um nærrí 50 van-
trúarsakargiftir, sem fyrir hafi komið á Pýzkalandi á síðast-
liðnum 12 árum.

Það sem stendur frjálsum trúarbrögðum fyrir þrifum á
Pýzkalandi er, að þau eru án als skipulags. Þau vantar ein-
ingu og samdrátt. Með allri sinni frjálsu hugsun, á Pýzkaland
þó enga frjálsa kyrkju. Það eru til einstakir söfnuðir, sem
eru frjálsir og á framfaravegi, en engin kyrkjudeild, er hafi
nokkra verulega útbreiðslu. Þetta ásigkomulag er óeðlilegt.
Það er þúsundum manna til tjóns, sem beinlínis þyrftu slíkrar
kyrkju við. Undir núverandi kringumstæðum getur meiri hlut-
inn af frjálslyndum mönnum á Pýzkalandi ekkert samband haft
við neina kyrkju. Þeir geta auðvitað ekki tilheyrt kaþólsku
kyrkjunni, né heldur geta þeir með heiðarlegu móti haldið á-